

Í þessum sorgarleik, sem er snildarlega saminn, eins og alt eftir höfund hans, koma hin voðalegu afdrif algers kæruleysis og hugsunarleysis um framferði, ef að eins tekst að láta það líta þolarlega út í augum almennings, í ljós. Og afleiðingarnar snerta ekki þann sem er kærulaus, þær koma allar fram á afkomanda hans, sem er alveg hjálparlaus gagnvart þeim. Lestirnir eydileggja ekki líf og velferð þess, sem gerir sig sekan í þeim, heldur annars manns, sem er ekki sekur um neitt, sem er svo óhamingjusamur að eiga slikan mann fyrir föður.

Margir álita, að líkindum, að hér sé of mikið gert úr arfgenginu. Skáldið hafi lagt meiri áherzlu á hugmyndina en hægt sé að styðja með vísindalegum sönnunum. Það er víst erfitt eða jafnvel ómögulegt að dæma um, hvenær of mikil áherzla er lögð á arfgengis hugmyndina og hvenær mátulega mikil áherzla er lögð á hana. Tilgangur skáldsins hefir auðvitað verið sá, að gera sannleika, sem hann var sannfærður um, ljóslifandi fyrir öðrum, láta hann brennast inn í meðvitund manna.

Enginn maður getur verið í vafa um að arfgengi er mjög þýðingarmikill þáttur í lífi hvers manns. Vér líkjumst öll feðr um vorum og mæðrum í sjón að meira eða minna leyti og vér líkjumst þeim í reynd. „Eplið fellur ekki langt frá eikinni“, eins og nálmshátturinn segir. Menn hafa t. d. veitt því eftirtekt, að í Bandarískjunum voru á síðast líðinni öld fleiri miklir stærðfræðingar upprunnir í bæ einum á Atlantshafsströndinni en alstaðar annarstaðar í landinu. Og einmitt í þessum bæ stunduðu flestir menn siglingar landa á milli áður en farið var að nota gufuskip. En það er öllum kunnugt að skipstjórar á seglskipum þurfa manna mest á mælingum og reikningi að halda. Hér er um arfgengi að ræða en ekki tilviljun. Annað dæmi um arfgengi, sem oss er öllum kunnugt, má benda á. Það hefir verið sagt, að mig minnir, af einhverjum, að á engu þektumst vér Íslendingar eins fljótt úr hópi annara þjóða fólks og göngulaginu. Þetta er efalaust satt, að minsta kosti um fólk úr sumum hlutum Íslands. En hvers vegna? Vegna þess, að sökum illra og ónógra samgöngufæra hafa menn á Íslandi öldum saman borið þungar byrðar yfir vonda vegi. Þaðan er komin bakbeygjun og